

AUGLÝSING

um staðfestingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt.

Með vísan til 3. mgr. gr. 6.3., sbr. gr. 4.5., í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar dagsettum 25. janúar 2007, með síðari breytingum, sbr. 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Með þessari auglýsingu falla einnig brott eldri verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2010.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. júní 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

Fylgiskjal.

VERKLAGSREGLUR

Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármuna samkvæmt grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar 2008-2017, frá 25. janúar 2007 með síðari breytingum, skal veita fjármunum árlega á gildistíma samningsins til að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni t.d. vegna gæðastýringar og lífrænnar framleiðslu. Fjármunirnir eru hluti af liðnum „Nýliðunar- og átaksverkefni“ í samningnum og miðast við 37,5% af fjárhæð hans eins og hún er hverju sinni.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir eftir umsóknum og úthlutar styrkjum samkvæmt reglum þessum. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 1. apríl og 1. október, ef auglýst er aftur á sama ári. Umsóknir um styrki skal senda til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á eyðublöðum sem hann lætur í té. Framleiðnisjóður landbúnaðarins úthlutar styrkjum eftir umsóknum eða á grundvelli tillagna fagráðs í sauðfjárrækt.

3. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal leita umsagnar fagráðs í sauðfjárrækt um allar umsóknir sem sjóðnum berast og varða úthlutun samkvæmt reglum þessum.

Fagrád í sauðfjárrækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru hver þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggur ekki fyrir. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að leita umsagna fagráðs í sauðfjárrækt um önnur erindi er varða sauðfjárrækt sem sjóðnum berast.

4. gr.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Umsóknnum skal skila til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- a. Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
- b. Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. og hvernig það gagnast íslenskri sauðfjárrækt að öðru leyti.
- c. Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- d. Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e. Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

5. gr.

Áður en styrkur er greiddur skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 4. gr.

Greiða má allt að 40% af samþykktum styrk til styrkþega þegar verkefni er sannarlega hafið. 20% af styrk má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60% af heildarverkefninu. Eftirstöðvar framlagsins 40%, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt í fagráði í sauðfjárrækt. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

6. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í sauðfjárrækt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir sauðfjárræktina í heild.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að leita umsagna fagráðs í sauðfjárrækt um verkefnaskýrslur sem styrkþegum er gert að skila til sjóðsins. Allar lokaskýrslur skulu kynntar fagráði í sauðfjárrækt.

7. gr.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, sbr. 6.-7. gr., innan 12 mánaða frá því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður.

8. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.3 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og gildistími þeirra er sá sami og samningsins. Almenn ákvæði samningsins gilda um þá fjármuni sem ráðstafað er samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.

Reykjavík, 26. júní 2014.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

Eiríkur Blöndal.